

320. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, þriðjudaginn 18. febrúar 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri, Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri, Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2501063 - Líkamsrækt á Jaðarsbökkum

Áhugi er á að setja upp aðstöðu fyrir líkamsrækt í eldra íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Gögn fyrir tilboð í leigu á húsnæðinu lögð fram. Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri og Daníel Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sátu þennan fundarlið.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi tilboðsgögn og vísar þeim til bæjarráðs. Samþykkt 2:0, SAS sat hjá við afgreiðslu málsins.

2. 2502154 - Grassláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Tillaga um breytingu á fyrirkomulagi grassláttar fyrir eldri borgara og öryrkja.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fá álit velferðar- og mannréttindaráðs og öldungaráðs á því að vinnuskólinn hætti að vera með grasslátt í gördum fyrir eldri borgara og öryrkja.

3. 2410303 - Grassláttur - umhirða á opnum svæðum - útboð 2024

Fyrirkomulag á grasslætti á árinu 2025.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að ganga til samninga við Gísla S. Jónsson ehf. um grasslátt sumarið 2025 á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

4. 2502155 - Viðhald gatna og stíga 2025 - Útboð

Hugmyndir að verkefnum í viðhaldi gatna og stíga 2025.

Hugmyndir um viðhaldsverkefni yfirfarin og umhverfisstjóra falið að vinna kostnaðargreiningu á völdum tillögum.

5. 2502156 - Grundaskóli - lausar kennslustofur (gámar)

Umræða um sölu og nýtingu á lausum kennslustofum (gámum) við Grundaskóla.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðstjóra að vinna gögn vegna sölu á húsunum. Jafnframt verði skoðað hugsanleg nýting á húsunum fyrir aðra starfsemi Akraneskaupstaðar í samráði við önnur fagráð.

6. 2502157 - Foreldrafélag Grundaskóla - umferðaröryggi á Innnesvegi

Erindi foreldrafélags Grundaskóla um umferðaröryggi á Innnesvegi.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að hámarkshraði á Innnesvegi milli Víkurbrautar og Garðabrautar verði 20 km/klst.

7. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Skipulagslýsing lögð fram fyrir nýtt deiliskipulag Kirkjubrautar fyrir gatnarýmið við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norður, samtals um 2 ha svæði.

Tillagan mun ná yfir fyrirhugaðar breytingar á göturými við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem eru í samræmi við markmið og stefnu Landskipulagsstefnu og aðalskipulags Akraness.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2502160 - Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits

Skipulagslýsing lögð fram vegna breytingar á deiliskipulagi Stofnanareits vegna nýs deiliskipulags Kirkjubrautar fyrir gatnarýmið við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norður, samtals um 2 ha svæði.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 2502163 - Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits.

Skipulagslýsing lögð fram vegna breytingar á deiliskipulagi Miðbæjarreits vegna nýs deiliskipulags Kirkjubrautar fyrir gatnarýmið við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norður, samtals um 2 ha svæði.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. 2502162 - Breyting á deiliskipulagi Arnadalsreit

Skipulagslýsing lögð fram vegna breytingar á deiliskipulagi Arnadalsreits vegna nýs deiliskipulags Kirkjubrautar fyrir gatnarýmið við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norður, samtals um 2 ha svæði.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. 2502159 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit

Skipulagslýsing lögð fram vegna breytingar á deiliskipulagi Akratorgreits vegna

nýs deiliskipulags Kirkjubrautar fyrir gatnarýmið við Kirkjubraut og Kalmansbraut sem afmarkast af Merkigerði til suðurs og Esjubraut til norður, samtals um 2 ha svæði.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagslýsing verði auglýst og kynnt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Guðm. Sigrún Guðjónsdóttir
Saraus Alexia Sigurmyrnesel.
Anna Solrað Smaradottir

